

## ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Útgáfudagur/ útgáfa: 26.05.2011 / 5

Kemur í stað: 15.10.2010 / 4

Útskriftardagur: 18.7.2011

## 1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

Vöruheiti: **Vinur Vélstjórans**Framleiðandi: **MF Mjöll-Frigg ehf.**

Norðurhella 10  
221 Hafnarfjörður  
Sími: 512 3000  
Fax: 512 3001  
Netfang: [mjollfrigg@mjollfrigg.is](mailto:mjollfrigg@mjollfrigg.is)  
Heimasíða: [www.mjollfrigg.is](http://www.mjollfrigg.is)

**Slys:** Hafið samband við lækni eða Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss í síma 543 2222. Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf læknis. **Sími Neyðarlínunnar er 112.**

## 2. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

Almennt: Ertir augu.

## 3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihald (m.a.): Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
C9-11 Alcohol etoxylat	-	-	Xi	38, 41	5-10%
Trinatríumnitriloacetat	18662-53-8	225-768-6	Xn	22, 36	<5%
Kvaterner kókóalkýlamínetoxylat	61791-10-4	-	Xi, N	41, 51/53	<5%
Díprópýlenglýkólmetýleter	34590-94-8	252-104-2	-		<5%

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.

## 4. SKYNDIÐHJÁLP

**Almennt:** Ef að grunur um krankleika eða heilsutjón vaknar leitið þá strax læknis. Hafið þessar leiðbeiningar meðferðis.

**Innöndun:** Ferst loft, hiti og hvíld. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi.

**Inntaka:** Gefið strax nokkur glösa af mjólk eða vatni, ef hinn slasaði er við fulla meðvitund. Framkallið **ekki** uppköst. Samstundis á sjúkrahús.

**Snerting við augu:** **Mjög mikilvægt!** Skolið strax með vatni að minnsta kosti í 15 mínútur (haldið augnlokunum sundurglennntum), og síðan strax á sjúkrahús. Augnlæknir.

## 5. BRUNI/ADFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

**Almennt:** Kælið nálægar birgðir af efninu með vatnsúða sé ekki unnt að fjarlægja þær hættulaust. Forðist að vatn komist í snertingu við efnið ef unnt er.

**Brennanleiki:** Brennur ekki.

**Slökkviefni:** Vatn, duft, froða, kolsýra

**Hættuleg niðurbrots-efni við bruna:** Engin þekkt.

## 6. EFNALEKI

**Til verndar fólki:** Gætið þess að efnið komist ekki í snertingu við húð eða augu (sjá 8. lið). Athugið að gólf geta orðið hál.

**Til verndar umhverfi:** Komið í veg fyrir að varan berist í niðurföll eða mengi grunnvatn eða jarðveg. Þynnið með miklu magni af vatni.

**Hreinsun:**

- Lífill leki: Lokið fyrir lekann og skolið niður með miklu af vatni – varist hálfu.
- Mikill leki: Þurkið upp með ísogsefni, s.s. sandi eða kísilgúr. Skolið síðan svæðið með miklu af vatni – varist hálfu. Hafið samband við heilbrigðiseftirlitið á viðkomandi svæði. Förgun ísogsefnisins á að vera með sama hætti og förgun vörunnar (sjá 13. lið)

## 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

**Meðhöndlun:** Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun hættulegra efna. Notið hlífðarbúnað (sjá 8. lið) og haldið fjarri efnum sem hvarfast geta við vöruna (sjá 10. lið).

**Geymsla:** Geymið vöruna í upprunalegu umbúðunum, lokuðum og fjarri efnum sem hún getur hvarfast við (sjá 10. lið). Geymslupól er eitt ár frá framleiðsludegi. Æskilegt geymsluhitastig er 5-20°C. Frjósi varan rýrna gæði hennar.

## 8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR

**Mengunarmörk:** Um þau hráefni sem notuð eru í vöruna og getið er í reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum gildir eftirfarandi:

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Meðalgildi
Díprópýlenglykólmetýleter	34590-94-8	252-104-2	300 mg/m <sup>3</sup> (50 ppm)

**Tæknilegar öryggis-ráðstafanir:**

Möguleiki til augn- og húðskolunar með vatni. Góð loftræsting. Vinnu skal ætíð skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er.

**Persónuhlífar:**

- Augu: Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- Hendur: Hlífðarhandskar úr PVC, neoprene eða gúmmí.
- Öndunarfæri: Sé loftræsting ekki góð þegar unnið er með efnið ber að nota grímu með gassíu A (brún).

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Útit:	Tær, grænn vökvi
Lykt:	Sítrónuilmur
pH:	13,4 ± 0,5
pH, 3% blanda:	12,1 ± 0,2
Suðumark [°C]:	>100
Bræðslumark [°C]:	<0
Eðlisþyngd, 20°C [kg/m <sup>3</sup> ]:	1095 ± 5
Seigja, 20°C [mPa·s]:	Óþekkt
Leysanleiki í vatni:	Algerlega leysanlegt
Leysanleiki í öðrum leysiefnum:	Óþekktur
Eldnærandi eiginleikar:	Óþekktir

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

**Stöðugleiki:** Varan er stöðug við tilætlaða notkun, og réttar geymsluaðstæður.

**Efni sem skal varast:** Engin þekkt.

**Hættuleg niðurbrots-efni:** Engin þekkt og engin við tilætlaða notkun.

## 11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

**Augu:** Ertandi. Getur skaðað hornhimnu.

**Inntaka:** Ertandi fyrir slímhúð.

**Innöndun:** Ertandi fyrir nef og háls. Langtíma erting getur orsakað sárum hálsi.

**Heilsuhætta:** Inntaka

Efni	LD50 <sub>rotta</sub> mg/kg
Díprópýlenglýkólmetýleter	5130
Trinatríumnítriloacetat	1450

## 12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

**Almennt:** Engin þeirra hráefna sem notuð eru í vöruna flokkast sem hættuleg umhverfinu.

**Lífniðurbrot:** Niðurstöður rannsókna á hráefnunum sem notuð eru í vöruna uppfylla þau uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um fyrsta stigs lífniðurbrot.

**Eituráhrif í vatni:** Varan inniheldur efni sem hafa hvetjandi áhrif á vöxt þörungna.

**Þrávirkni:** Ekki þekkt, en þó afar ólíklegt.

## 13. FÖRGUN

Ekki má urða vöruna. Sé um lítið magn að ræða á að blanda vörunni varlega saman við mikið vatn og meðhöndlið eins og um lítin efnalesa sé að ræða (sjá 6. lið). Hafið samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku ef um mikið magn er að ræða. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Tómar umbúðir skal skola a.m.k. tvisvar sinnum með vatni áður en þær eru endurnýttar, endurunnar eða fargað. Að öðru leit er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## 14. FLUTNINGUR

Varan flokkast ekki sem hættulegur varningur samkvæmt ADR/IMDG/DGR.

## 15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

Unnið samkvæmt reglugerð 1027/2005 um öryggisblöð, reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum ásamt síðari breytingum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum.

**Merking:** Engin

**H-setningar:** Engar.

**V-setningar:**

- 2 Geymist þar sem börn ná ekki til.
- 26 Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

**Vottanir/sampykktir:** Varan er vottuð af Unhverfisstofnun ríkisins til notkunar í matvælaíðnaði (97-140).

**Útgáfudagur:** 26.05.2011

**Útgáfa:** 4.

**Kemur í stað:** 15.02.2008

**Höfundur:** Ásgeir Ívarsson

**Endurskoðað:** Richard Kristinsson.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé varan blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.